

Ed.

223. Frumvarp til laga

[159. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

2. másl. 1. gr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyflegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr. 97 20. des. 1972.

Greinargerð.

Með lögum nr. 97 20. des. 1972, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, var breyting gerð á 2. málslið 1. gr. 1. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands á þann veg, að frávík kaup- og sölugengis frá stofngengi mætti vera allt að 2¼% í stað 1% áður, en flestar þjóðir heims höfðu þá tekið upp frávík að þessu marki með leyfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Með brbl., sem sett voru 14. júní s.l., var Seðlabankanum veitt heimild með samþykki ríkisstjórnarinnar til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, en löggin áttu að falla úr gildi í árslok 1973. Í stað þess að framlengja þetta bráðabirgðaákvæði, um leið og bráðabirgðalögin eru staðfest á Alþingi, þykir fjárhags- og viðskiptanefnd eðlilegra, að höfðu samráði við viðskiptaráðherra og bankastjóra Seðlabankans, að leggja fram nýtt frumvarp um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, og afnema úr lögum bæði þau efri og neðri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar, og fela þá ákvörðun á vald ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands, miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi eru í gjaldeyrismálum og útlit er fyrir, að haldast muni nú um skeið.